Jón Kristjánsson
fiskifræðingur

Laxá í Hvammsveit 1999

Apríl 2000

Inngangur

Farin var rannsóknarferð í ána 12.september. Talsvert vatn í ánni, hvasst og 3- 5 gráðu lofthiti. Veitt var á svipuðum stöðum og undanfarin ár, en ekki var farið í Sælingsdalsá ofan við brúna heim að Laugum, þar er mjög rýrt svæði, botninn sléttur og alltaf fundist lítið af seiðum þess vegna. Hér á eftir fara helstu niðurstöður.

Niðurstöður seiðakönnunar

Svínadalsá neðan við Geirmundarfoss.

Vart var við bleikjuseiði en engin stærri laxaseiði fundust. Kemur þetta heim vil reynslu fyrri ára en þarna hafa ekki klakist út seiði síðan 1994 og þau löngu gengin niður, fundust síðast á þessum stað árið 1997. Nú fundust þarna nýklakin laxaseiði í nokkrum mæli 3,5-4,5 cm að lengd.

Árnar sameinaðar


Rétt ofan við brú, neðan ármótanna fundust einnig sumargömul laxaseiði úr náttúrulegu klaki, en engin stærri. Mikill straumur var og því erfitt að veiða svona lítil seiði.

Sælingsdalsá neðan Hólafoss

Á grýtta kaflanum neðan við Hólafoss fundust einnig nokkur laxaseiði úr klaki ársins, og einnig nokkur eldri seiði. Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef fundið svona mikið klak á þessum stað.

Sælingsdalsá ofan Hólafoss

Ofan við Hólafoss var veitt vandlega á stóru svæði, um 50 m langan árkafla. Tvö stór laxaseiði sáust en náðust ekki. Þetta var það eina sem vart var við. Með ólíkindum er hve lítið finnst þarna af seiðum því sleppt hefur verið á svæðið. Hér getur verið um áhrif frá sundlauginni að Laugum að ræða, en þeir nota klór til sótthreinsunar og hugsanlegt er að þeir gæti misst klór í ána, en efnið er mjög eitrað. Helst gæti þetta haft áhrif þegar lítið vatn er í ánni og á vetrum undir ís. Tilraun var gerð með að sleppa seiðum í lækinn fra lauginni haustið 1997, en þau drápust öll um veturinn. Fari svo að ekki finnist seiði vorið 2000 úr klakinu sem kom upp haustið 1999 **aukast enn líkur á að um sé að ræða eiturverkanir**.




Mynd 1. Lengdardreifing aflans í Laxá í Hvammsveit 1999. Samkvmt veiðibók veiddist 31 lax.

Þegar litið er til baka þá hafa ekki fundist seiði úr náttúrulegu klaki síðan farið var að fylgjast með svæðinu árið 1993. Það er mjög einkennilegt, þar sem þetta var álitið besta svæðið í ánni áður fyrr.

Ófiskgengi hluti Svínadalsár

Veitt var í Svínadalsá um 200 m neðan við brúna á veginum að Laugum. Þar fundust seiði úr sleppingu frá í sumar og talsvert af seiðum frá árinu áður 11- 12 cm löngum. Þarna er ástandið nokkuð þokkalegt.

Farið var upp með Svínadalsá alla leið þangað sem áin fer öðru sinni undir veginn og alls staðar fannst slæðingur af laxaseiðum 9-10 sm löngum tveggja ára gömlum. Eins fundust seiði úr sleppingu sumarsins.



Mynd 2. Fjöldi veiddra smálaxa og stórlaxa í Laxá í Hvammsveit 1993-1999. Það er árgangurinn 1994 sem "toppar" aflan sem smálax 1998. Veiðin hefur fallið aftur vegna skorts á náttúruklaki eftir 1994.

Veiðin 1999

Samkvæmt veiðibók var aflinn 31 lax, 28 þeirra eins árs úr sjó, 3 tveggja ára úr sjó. Þetta er talsvert minni veiði en í fyrra. Hluti þeirra var úr árganginum frá 1994, þeim eina sem klakist hefur í ánni þar til sumarið 1999. Sá árgangur bar uppi veiðina árið 1998 og að nokkrum hluta 1999, en af 16 aldurssýnum sem tekin voru úr aflanum 1999 reyndust 6 fiskar hafa verið úr 94-árganginum, 1 úr 93- árganginum, 7 úr seiðum frá 1995 og 1 frá 1996.

Horfur, aðgerðir

Miðað við hve lítið hefur klakist út af laxi á síðustu árum eru horfur ekki góðar. Veiðin mun nú verða borin uppi af sleppiseiðum um sinn, aðallega úr Svínadalsá sem en mun betri uppeldisstöð en efri hluti Sælingsdalsár. Einn besti hluti vatnasvæðisins, Sælingsdalsá ofan og neðan Hólafoss er úr leik sennilega vegna eitrunar frá sundlauginni. **Líkur á að hún valdi tjóni eru orðnar svo sterkar að ljóst er að eitthvað varður að gera í málinu.** Einnig ber að taka til þess í samningum því þarna er verið að semja um gallaða vöru ef svo mætti að orði komast. Ég legg til að strax í vor eftir athugun á seiðabúskap neðan Hólafoss verði tekið á málinu af festu, verði niðurstaðan sú að seiðin frá haustinu 1999 finnist ekki.